

Fundur í foreldraráði og foreldrafélagi þriðjudaginn 22.janúar kl. 8

Mættir: Sigurlaug, Heiða, Tómas, Fríða, Alda og Linda.

Umræður um nýjar reglur um foreldraráð og foreldrafélög á leikskólum. Tómas er formaður foreldrafélagsins og Bryndís veitir foreldraráði formennsku. Fyrirkomulagið að öðru leyti óbreytt hjá okkur og uppfyllir kröfur um slík félög.

Umræður um sumarlokanir. Leikskólinn var með þrjár tillögur um sumarlokanir sem voru ræddar. Mögulega þarf að taka tillit til fyrirhugaðra framkvæmda þegar ákveðið verður hvort leikskólinn muni loka í þrjár eða fjórar vikur í sumar. Endanleg ákvörðun verður tekin á næstu dögum.

Huga þarf tímanlega að sveitaferðinni á Grjóteyri. Leikskólinn á pantaðan dag 4.júní. Tómas ætlar að hafa samband við Grjóteyri og staðfesta þennan tíma. Foreldrafélagið mun einnig fá tilboð í rútur þegar nær dregur.

Fundi slitið kl.8.40

Ritari: Fríða Kristjánsdóttir